

# Innra mat

Helstu niðurstöður vorið 2020



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Mat á skólstarfi

Matsþættir	Umbótaaðgerðir og matsleiðir	Helstu niðurstöður vorið 2020	Áætlaðar umbætur skólaárið 2020-2021
Fagleg forysta	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Starfsmannakönnun Skólapúlsins</li> <li>● Rýnihópar starfsmanna</li> <li>● Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf</li> <li>● Starfsþróunarviðtöl</li> <li>● Foreldrakönnun Skólapúlsins</li> </ul>	<p>Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúls sýna að starfsfólk Álfhólsskóla metur stjórnun almennt lakari en á landsvísu. Almennir starfsmenn og starfsfólk í deildum meta stjórnun talsvert lakari en aðrir.</p> <p>Niðurstöður Skólapúls eru þvert á við niðurstöður könnunar sem var gerð í undanfara starfsþróunarviðtala. Samkvæmt niðurstöðum eru nánast allir starfsmenn frekar eða mjög ánægðir með samvinnu og samskipti við stjórnendur. Enginn er óánægður. Slíkt hið sama kom fram í viðtölum en þar var þó einnig rætt um einstök tilfelli erfiðra samskipta. Í athugasemdum kemur fram að starfsfólk upplifir gott viðmót og traust frá stjórnendum. Stjórnendur fóru í einhverjar kennslustundir í vetur og gáfu mat og endurgjöf til kennara. Verkefnið reyndist svo umfangsmikið að ekki náðist að ljúka þessu verkefni með fullnægjandi hætti. Óviðráðanlegar aðstæður og breytingar á skólstarfi í kringum páskaleyfi settu einnig strik í reikniginn.</p> <p>Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal og var almenn ánægja með þau.</p> <p>Foreldrakönnun er áætluð í mars 2021.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Einstaklingsviðtöl við starfsfólk um niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúls.</li> <li>● Fundað með Menntasviði vegna niðurstaðna Skólapúls og úrbætur áætlaðar.</li> <li>● Endurskoða þarf fyrirkomulagið á mati stjórnenda á kennslu, í það minnsta dreifa því yfir lengra tímabil. Áriðandi að tími gefist til þess að gefa endurgjöf svo matið verði gagnlegt.</li> <li>● Árleg starfsþróunarviðtöl</li> <li>● Foreldrakönnun áætluð í mars 2021.</li> <li>● Starfsmannahandbók uppfærð árlega.</li> <li>● Breytingar í stjórnun og skipuriti</li> </ul>

<p><b>Stefnumótun og skipulag</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Yfirferð áætlana og verkferla</li> <li>● Þróun skólanámskrár</li> <li>● Gerð starfsáætlunar</li> <li>● Stefnumótunardagur</li> </ul>	<p>Unnið var eftir skólamenningaráætlun, Öll sem eitt, sem hluta af forvarnar- og viðbragðsáætlun skólans. Almenn ánægja er með áætlunina sem slíka en þörf á að innleiða hana betur í skólastarfið.</p> <p>Skólanámskrá var uppfærð á Mentor. Námskránná má nálgast í heild sinni á heimasíðu skólans. Námskráin er í áframhaldandi þróun.</p> <p>Starfsáætlun var samþykkt af skólaráði haustið 2019 og birt á heimasíðu.</p> <p>Sjálfsmatsáætlun var sett fram til ársins 2022, samþykkt af matsteymi og birt á heimasíðu skólans að hausti 2019.</p> <p>Stefnumótunardegi foreldra var aflýst í ljósi tilmæla almannavarna og landlæknis vegna COVID19.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Frekari innleiðing á ÖSE áætlun.</li> <li>● Skólanámskrá í stöðugri þróun</li> <li>● Gerð starfsáætlun að hausti.</li> <li>● Sjálfsmatsáætlun kynnt foreldrum og starfsfólki.</li> <li>● Farið yfir verkferla og áætlanir að hausti.</li> <li>● Stefnumótunardagur vorið 2021.</li> </ul>
<p><b>Samskipti heimils og skóla</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Stefnumótunardagur</li> <li>● Foreldrakönnun Skólapúlsins</li> <li>● Opið hús fyrir foreldra</li> <li>● Skólaráð</li> <li>● Vikupóstar</li> <li>● Samráðsdagar</li> </ul>	<p>Skólaráð fundaði reglulega á árinu. Samstarfið gekk mjög vel og stóðu nemendur sig með þryði. Almenn ánægja með samráðsdaga á skólaárinu.</p> <p>Stefnumótunardegi foreldra var aflýst í ljósi tilmæla almannavarna og landlæknis vegna COVID19.</p> <p>Kennarar sendu foreldrum vikupósta með upplýsingum um skólastarfið og bekkjarbrag í vetur. Almenn ánægja með póstana meðal kennara og foreldra.</p> <p>Foreldrakönnun er áætlun í mars 2021.</p> <p>Opið hús fyrir foreldra gekk vel og almenn ánægja. Mæting mjög góð á yngsta stigi en færri á eldra stig.</p> <p>Aukin samskipti heimilis og skóla í tengslum við breytta skólahætti í mars 2019. Kennarar nýttu sér rafræna fjarfundi, tölvupóst og aðrar</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Stefnumótunardagur áætlaður að vori 2021</li> <li>● Skólaráð.</li> <li>● Starfamessa.</li> <li>● Áframhaldandi fræðslukvöld í samvinnu við foreldrafélagið.</li> <li>● Árleg læsi og lestrarkennslunámskeið fyrir foreldra í 1. og 3.bekk.</li> <li>● Opið hús fyrir foreldra</li> <li>● Kynningar fyrir foreldra í 1., 5., og 8.bekk</li> <li>● Vikupóstur á Mentor.</li> <li>● Foreldrakönnun í mars 2021.</li> <li>● Samráðsdagar.</li> <li>● Fréttabréf Álfhólsskóla</li> <li>● Facebooksíða, Twitter og heimasíða skólans í stöðugri uppfærslu.</li> <li>● Viðhorfskannanir til foreldra eftir kynningar og námskeið á vegum skólans.</li> </ul>

samskiptaleiðir til þess að koma upplýsingum og eiga samskipti við foreldra og nemendur. Kynningarfundir foreldra fyrir 1., 5., og 8.bekk voru vel sóttir og gengu vel. Mikil ánægja með fundina samkvæmt viðhorfskönnun í lok þeirra. Foreldrum nemenda á yngsta stigi var boðið upp á námskeið um lestur og lestrarkennslu. Almenn ánægja var með námskeiðið skv. Viðhorfskönnun. Samþykkt í skólaráði að hafa skyldumætingu á lestrar námskeið fyrir foreldra nemenda í 1. og 3.bekk. Foreldrafélagið stóð fyrir starfamessu fyrir nemendur á unglíngastigi í samstarfi við skólann. Starfameissan gekk mjög vel. Boðið var upp röð fræðslufyrirlestra í samstarfi við foreldrafélagið. Mæting var fremur dræm en ánægja meðal þeirra sem mættu. Facebooksíða skólans og heimasíða hafa verið í stöðugri uppfærslu í vetur. Sett var á fótinn Twitter síða fyrir skólann @alfholl með það að marki að vekja athygli á starfi skólans og ýta undir faglega umræðu undir myllumerkinu #menntaspjall.

## Nám og kennsla

- Starfsmannakönnun Skólapúlsins
- Nemendakönnun Skólapúlsins
- Skólaþing
- Stefnumótunardagar
- Lesferill, lesskimun
- LOGOS greining
- Samræmd próf
- Samráðsdagar
- Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf
- Kennsluþróun

Samkvæmt starfsmannakönnun Skólapúlsins eru kennarar mjög ánægðir með kennarastarfið og telja að samkennarar sínir séu ánægðir í starfi sínu. Ánægja með kennarastarfið hefur aldrei mælst eins mikil. Kennarar hafa góða trú á eigin getu, eins og í fyrri könnunum, og upplifa að þeir séu í marktækt meira sambandi við foreldra en kennarar á landsvísu.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins má merkja vísbendingar um breytta kennsluhætti. Hópvinna hefur aukist og dregið hefur úr einstaklingsvinnu. Samvinna og samstarf kennara hefur einnig aukist verulega sem bendir til þess að teymiskennsla og samvinnunám hafi aukist í Álfhólsskóla. Kennarar hafa aldrei upplifað eins mikinn stuðning vegna hegðunar- og námserfiðleika nemenda. En þó hefur dregið úr einstaklingsmiðuðu námi sem mælist nú á landsmeðaltal (var áður meira en á landsvísu). Þörf á endurbótum í sérkennslu rædd í opnum svörum.

Í könnun í undanfara starfsmannaviðtala kemur fram að kennarar eru sjálfsöryggir í starfi sínu, upplifa að þeir nái árangri og hafi vaxið í starfi síðastliðið ár. Ánægja er með teymiskennsluna og endurmenntun um lestrarkennsluaðferðir. Kennarar segjast stoltir af vinnustaðnum sínum og að skólinn hafi gott orð á sér. Einhverjir ræða að skráningar á Mentor geti bæði verið tímafrekar og krefjandi auk þess sem mannekla vegna veikinda geti valdið miklu álagi og óánægju.

- Lestrarátök
- Kvittanahefti endurskoðað
- Samráðsdagar
- Samræmd próf
- Bland í poka á unglíngastigi
- Þemadagar
- Menntabúðir
- Lærdómsfundir kennara
- Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf.
- Lausnateymi heldur áfram störfum.
- Nemendakönnun Skólapúlsins.
- Foreldrakönnun Skólapúlsins í mars 2021.
- Áframhaldandi starfsþróun kennara og ýmis þróunarverkefni.

Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins hafa nemendur í Álfhólsskóla álíka mikla ánægju af lestri og nemendur á landsvísu. Þrautsegja í námi og trú á eigin vinnubrögð og námsgetu er einnig á við landsmeðaltal. Ánægja af náttúrufræði er marktækt meiri en á landsvísu, eins og áður, og mælist nú mest á landsvísu. Þetta á við um stelpur og stráka. Ánægja af stærðfræði mælist um landsmeðaltal, en hefur áður verið yfir landsmeðaltali. Samsömun við nemendahópinn, agi í tímum og virk þátttaka nemenda tímum mælist um landsmeðaltal. Samband nemenda við kennara er þó marktækt lakara en á landsvísu, fyrst og fremst í 8. og 9. bekk. Tíðni leiðsagnarmats mælist einnig marktækt minni en á landsvísu. Í opnum svörum kemur fram að margir eru ánægðir með starfsfólk og kennsluna almennt. Í opnum svörum kemur einnig fram að nemendur hafa mjög ólíka upplifun af ólíkum fögum og starfsmönnum, það sem sumum finnst skemmtilegt þykir öðrum leiðinlegt. Hafa ber í huga að þátttaka í nemendakönnun Skólapúls var talsvert minni en áður vegna COVID-19 og verkfalla sem hefur óhjákvæmilega áhrif á marktækni niðurstaðna.

Kóngulóardagar, þemadagar með áherslu á upplýsingatækni á sköpun, voru í október 2019. Dagarnir tókust mjög vel og var mikil ánægja meðal kennara og nemenda. Í kjölfarið voru kennarar með stutta kynningu fyrir samkennara sína á nokkrum stöðvum sem boðið var upp á með það að marki að efla lærdómssamfélag skólans og auka faglega umræðu. Mikil ánægja

var með þetta framtak. Grunnskólar í Kópavogi stóðu fyrir því að halda í sameiningu menntabúðir mánaðarlega með áherslu á upplýsingatækni. Starfsfólk Álfhólsskóla mætti oft vel á menntabúðirnar. Skólinn hélt sínar búðir í febrúar, mikil aðsókn var á menntabúðirnar sem gengu mjög vel. Nemendur í 10.bekk tóku þátt í skólaþingi á haustmánuðum og stóðu sig með prýði. Fjöldi þróunarverkefna eru í gangi í Álfhólsskóla. Verkefnin eru: Lesum saman, Bland í poka á unglíngastigi, teymiskennsla, spjaldtölvur í námi og kennslu. Allir kennarar fá tvo tíma á viku í kennsluþróun innan vinnuramma til að sinna sinni kennsluþróun. Lesferill, lestrarskimun var lögð fyrir alla nemendur skólans í september, janúar og maí. Orðarún, lesskilningspróf, var lagt fyrir í 3.-8.bekk samhliða lesferlinum. Í kjölfarið voru gerðar LOGOS greiningar eftir þörfum og sett inn einstaklingsmiðuð lestrarátök heima og í skólanum þar sem það átti við. Nemendur tóku almennt miklum framförum í lestri á skólaárinu. Árangur nemenda í 4. og 7.bekk í samræmdum prófum var yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður samræmdra prófa í 9.bekk voru einnig yfir landsmeðaltali í íslensku, ensku og stærðfræði. Foreldrakönnun er áætluð í mars 2021. Lausnateymi var starfandi í báðum húsum. Teymin fengu nokkrar umsóknir auk þess sem það sinnti óformlegri ráðgjöf til kennara og starfsmanna.

Nemendur;  
líðan,  
þátttaka og  
ábyrgð

- Skólamenningarkönnun
- Nemendakönnun Skólapúls
- Samráðsviðtöl
- Stefnumótunardagar
- Skólamenningarfundir
- Nemendfulltrúaráð
- Skólaráð

Skólamenningarfundir eru þjóðfundir sem voru haldnir með öllum árgöngum skólans að hausti 2019. Á fundunum rýndu nemendur í skólamenninguna í Álfhólsskóla og komu með tillögur um hvernig mæti efla hana enn frekar. Fundirnir gengu mjög vel og var almenn ánægja með þá. Nemendur á yngsta stigi segja að flestir eigi góða vini í skólanum en það séu nokkrir nemendur vinalausir eða oft einir og leggja sig þá fram við að bjóða viðkomandi að vera með. Nemendur eru sammála um að það séu nokkrir nemendur sem aðrir séu hræddir við því þeir segi ljóta hluti og meiði, séu stjórnsmir og baktali. Þetta eru að einhverju leyti sömu nemendur og eru einir. Þegar þetta gerist eru nemendur sammála um að segja frá og ræða málin. Nemendur á yngsta stigi eru sammála um að það sé mjög lítið um einelti en upplifa þau að sumir séu út undan í hópnum. Þeir bregðast við því með því að segja frá eða hjálpa og eru með fullt af frábærum hugmyndum um hvernig má efla jákvæðan skólabrag, t.d. bekkjarfundir, leika við marga, fara í hópleiki o.fl. Á miðstigi eru nemendur sammála um að það sé góð skólamenning í Álfhólsskóla. Nemendum líður vel og finnst oftast gaman í skólanum, flestir eigi vini og samskipti oftast góð. Sumir mættu aftur á móti vanda sig meira í samskiptum og flest átök eða vandamál mætti leysa auðveldlega með góðu samtali. Miðstignemendur eru með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæðan skólabrag, t.d. Fylgja skólareglum, fleiri ÖSE fundi, námstækni, gagnkvæm virðing, starfsfólk

- Endurskoðað fyrirkomulag nemendafulltrúaráðs með það að marki að efla starfið enn frekar.
- Skólaráð
- Árlegur stefnumótunardagur
- Bekkjarfundir vikulega í öllum árgöngum.
- Göngum í skólann.
- Þemadagar.
- Skólahreysti.
- Skólamenningarfundir.
- Skólamenningarkönnun.
- Skólapúls nemendakönnun.
- Tengslakannanir, a.mk. tvisvar á ári.
- Aukin áherlsa á innleiðingu ÖSE áætlunar.
- Samráðsfundir tvisvar á ári.
- Einstaklingsviðtöl við nemendur á mið- og unglingsstigi.
- Sértaek vinna með minni hópá í ákveðnum árgöngum



fylgist betur með o.fl.

Á unglíngastigi eru nemendur almennt sammála um að skólamenningin sé góð og andrúmsloftið jákvætt. Almennt sé góð stemning og mórall í skólanum, kennarar hlusti á nemendur og flestir eigi góða vini. Aftur á móti sé stundum klíkuskapur og baktal. Til að efla jákvæðan skólabrag leggja unglíngarnir til meira hópefli fyrir árganga, leitað sé meira eftir röddum nemenda með auknu nemenda lýðræði, fleiri bekkjarfundi o.fl.

Helstu niðurstöður skólamenningarkönnunar benda til þess að nemendum í 6.-10.bekk líði almennt vel í skólanum, þeim finnist skólabragurinn almennt góður og nánast allir eiga a.m.k. einn vin í skólanum. Liðsheild mælist meiri en áður og nemendafulltrúar hafa jákvæð áhrif á skólabraginn.

Nemendur upplifa að baktal hafi aukist lítillega og minnihluta nemenda finnst námið spennandi og áhugavert sem er áhyggjuefni.

Leyst hefur verið úr þeim eineltismálum sem nemendur greina frá í könnuninni og nemendur voru mjög duglegir að nýta opnar spurningar til að segja frá. Niðurstöður voru ræddar á bekkjarfundum með nemendum.

Í nemendakönnun Skólapúlsins kemur fram að umfang eineltis hafi aukist í Álfhólsskóla og mælist nú marktækt meiri en á landsvísu í 6. og 9.bekk. Tíðni eineltis er aftur á móti sem áður um landsmeðaltal. Markviss vinna með menninguna í þessum hópum hefur þegar verið hafin auk þess sem lítill hópur nemenda í 9.bekk fengu tækifæri til að sækja námskeið til Jóa og

<p>Mannauður; líðan og starfsandi</p>		<p>Jóu með það að marki að efla sjálfsmynd og samskipti. Samkvæmt rýnihópum nemenda í 9.bekk hefur orðið góður árangur af þeirri vinnu. Ennfremur mældist umfang eineltis talsvert minna í þeim úrtökum sem fóru í skólapúlsinn eftir áramót. Þörf á áframhaldandi vinnu með þessa nemendahópa næsta vetur. Hafa ber í huga að þátttaka í nemendakönnun Skólapúls var talsvert minni en áður vegna COVID-19 og verkfalla sem hefur óhjákvæmilega áhrif á marktækni niðurstaðna.</p>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Starfsmannakönnun Skólapúls</li> <li>● Rýnihópar starfsmanna</li> <li>● Ýmsar kannanir á vegum matsteymis</li> <li>● Starfsþróunarviðtöl</li> </ul>	<p>Í niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúls kemur fram að starfsandi mælist marktækt lakari en á landsvísu, sér í lagi meðal almennra starfsmanna. eru þessar niðurstöður þvert á niðurstöður könnunar sem var í undanfara starfsþróunaviðtala og viðtala við starfsfólk en þar mældist starfsandinn mjög góður.</p> <p>Í niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúls kemur einnig fram að almennt starfsfólk upplifir skýrleika hlutverks minni en kennarar og meiri ágreining um hlutverk en kennarar. Almennir starfsmenn upplifa jafnframt mismunun starfsfólks. Kennarar hafa ekki sömu upplifun. Starfsfólk Álfhólsskóla upplifir minni skuldbindingu til vinnustaðarins en á landsvísu, sér í lagi almennt starfsfólk. Þrátt fyrir þetta eru fáir starfsmenn sem hugsa sér til hreyfings næsta vetur.</p> <p>Í Skólapúls mælist meiri skörun á einkalífi og vinnu en á landsvísu. Í viðtölum kemur aftur á móti fram að mikill sveigjanleiki sé á vinnustaðnum og liðleiki vegna leyfisbeiðna. 6 kennarar og 4 almennir starfsmenn upplifa að</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Einstaklingsviðtöl við starfsfólk um niðurstöður starfsmannakönnunar</li> <li>● Samstarfsfundur stjórnenda með Menntasviði um niðurstöður starfsmannakönnunar</li> <li>● Skólamenningarfundur starfsfólks að hausti 2021</li> <li>● Árleg endurskoðun og uppfærsla starfsmannahandbókar</li> <li>● Árleg starfsþróunarviðtöl</li> <li>● Móttökuáætlun um nýja starfsmenn.</li> <li>● Nýjir kennarar fá leiðsögukenndara.</li> <li>● STÁL starfsmannafélag</li> <li>● Ýmsir klúbbar og kaffistofunefndir</li> <li>● Breytingar í stjórnun og skipuriti</li> </ul>

þeir hafi orðið fyrir einelti á vinnustaðnum. Þrátt fyrir þetta hefur engin tilkynning um einelti borist stjórnendum, trúnaðarmönnum né Kópavogsbæ.

Í könnun sem gerð var meðal starfsfólks í undanfara starfsþróunarviðtala kemur fram að nánast allir eru frekar eða mjög ánægðir með samstarf sitt og samskipti við samstarfsmenn og stjórnendur almennt. Almennir starfsmenn ræða þó að tungumálaörðugleikar geti verið hamlandi í samskiptum.

Metþátttaka var á árshátíð STÁL á skólaárinu og voru aðrir viðburðir félagsins og skólans almennt vel sóttir. Kaffistofunefndir voru virkar á skólaárinu og í starfsmannaviðtölum var rætt gleði og hlátur á kaffistofu.